



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

82. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 18. nóvember 1983 og hófst hann kl. 5 e.h. Fundinn sóttu : Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari. Bogi Hallgrímsson, Eggert Ólafsson, Halldór Guðmundsson, Ingimundur Guðnason, Ómar Bjarnþórsson, Guðlaugur Guðmundsson, Vogum, Þórður Halldórsson, fulltrúi nema, Gísli Torfason, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, fundarritari.

Þetta var tekið fyrir :

1.

A. Skólameistari las og gerði grein fyrir bréfi frá skólameisturum Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi og Fjölbrautaskólans á Akranesi varðandi fjárlög 1984. Meginefni bréfsins er rökstudd ósk um að fjárlagaupphæðir vegna "annarra rekstrargjalda" verði tvöfaldaðar frá því sem lagt er til í frumvarpinu og viðhaldskostnaður áttfaldaður. Áformað er að fara á fund fjárveitinganefndar vegna þessa máls. Í bréfinu er vikið að þeim hvimleiða sið sem tíðkaður hefur verið að leysa fjárför skólanna með aukafjárveitingu löngu eftir á. Þá gat skólameistari nokkurra aukafunda með fjárhagsnefnd skólans varðandi þetta mál og önnur skyld og gerði grein fyrir bréfum er hann hefur ritað ráðherra og öðrum skólayfirvöldum um peningamálin svo og viðtölum við sömu aðila.

B. Þá rakti og skýrði skólameistari fjárhagsstöðuna á árinu 1983 og hafði til hliðsjónar rekstraryfirlit reikningshaldara um samreksturinn, pr. 7. ll. s.l. auk áætlunar til áramóta. Heildarupphæð vegna samrekstrar mun verða um 7,5 milljónir. Af þessu er ljóst að samreksturinn fer fram úr áætlun um kr. 1,4 milljónir og stafar það að verulegu leyti af vanreiknaðri verðbólgu í upphafi ársins. Hlutur ríkissjóðs ætti að vera yfir 3,3 milljónir ef miðað er við samninga sveitarfélaganna við ríkisvaldið á sínum tíma. Upp í þetta hefur ráðuneytið fært og greitt kr. 1.018 þúsundir. Ljóst er því að á vantar rúmar 2,2 milljónir - séu einstakir reikningsliðir ekki véfengdir, og það hefur ekki verið gert. Frést hefur að menntamálaráðuneytið hafi lagt til að skólanum verði veitt aukafjárveiting að upphæð kr. 1130 þúsund krónur, en sú tillaga bíði afgreiðslu í fjármálaráðuneytinu.

C. Þar eð ljóst er að samrekstur skólans hefur farið fram úr áætlun (og auk þess kennaralaun sem greidd eru úr ríkissjóði) samþykkti skólanefnd samhljóða viðbótaráætlun vegna framlags sveitarfélaganna að fjárhæð kr. 714.352 sem skiptist eftir sömu hlutföllum og í aðaláætlun ársins. Verður samþykktin kynnt sveitarstjórnunum að loknum fundi.

D. Vegna vangreiðslna sem um getur í B-lið nema þegar tilfallar og tilfallandi fjárkröfur á skólann rúmum tveimur milljónum króna (rafmagn, akstur nema, húsaleiga og almennar viðskiptaskuldir). Til þess að leysa þennan vanda bentu formaður og skólameistari á eftirfarandi hugsanlegar leiðir :

- a) knýja fast á um að ríkissjóður sem rekstraraðili greiði hlut sinn þegar
- b) reynist sú lausn ekki fær ábyrgist ríkissjóður lántöku fram yfir áramót sem hlut hans nemur og greiði síðan lánið
- c) sveitarfélögin greiði vanskilahlut ríkissjóðs til viðbótar samningsbundnum framlögum sínum
- d) loka skólanum.

Miklar umræður urðu og voru nefndarmenn sammála um að kostir c) og d) væru óhæfar lausnir. Samþykkti nefndin að fela skólameistara og formanni skólanefndar að freista þess að fá fram lausn a), en til vara b).

2.

Skólameistari tilkynnti um gjafir til skólans :

Keflavíkurverktakar hafa þegar afhent kælitæknitæki að verðmæti kr. 235.000, og Rafmagnsverktakar á Keflavíkurflugvelli ráðgera að gefa stýritölvu að verðmæti kr. 145.000. Mikill fengur er að kennslutækjum þessum báðum og færir nefndin gefendum bestu þakkir fyrir.

Undir þessum dagskrárlið kvaðst skólameistari hafa sótt um fjárveitingu úr listskreytingasjóði til kaupa á myndunum Tvennir tímar eftir Óskar Jónsson og Snæfellsjökull eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur.

3.

Undirbúningur skólaslita á haustönn 1983 er hafinn. Munu þau fara fram í Keflavík eða Njarðvík sunnudaginn 18. desember n.k. Líklegt er að um 40 nemendur brautskráist.

4.

Önnur mál.

a.

Formaður ræddi um stærð og frágang skólalóðar með hliðsjón af landsmóti UMFÍ í Keflavík næsta sumar. Samþykkt var framhaldsathugun. Á dagskrá komu einnig lóðarleigumál á Íðavöllum 1. Ingólfi Halldórssyni var falin athugun lóðamálanna.

b.

Kynnt var bréf Harðar Lárussonar, deildarstjóra í skólarannsóknardeild. Þar er a.m.k. að sinni hafnað hugmynd forráðamanna nokkurra framhaldsskóla þess efnis að senda 12 manna hóp stjórnmalamanna, skólamanna og ráðuneytismanna til Manchester í Englandi til þess að kynna sér framkvæmd tölvukennslumála þar í landi. Í bréfinu er þess getið að starfshópur á vegum ráðuneytisins muni bráðlega skila tillögum varðandi tölvuvæðingamál hérlandis.

c.

Formaður dreifði ljósritum af umsókn Héðins Skarphéðinssonar .. áður bókaðri um ferðastyrk vegna námsferðar til Danmerkur s.l. sumar og lagði til að Héðni yrðu greiddar kr. 7 þúsundir þegar fé væri til, enda skili hann skýrslu um ferðina eins og fyrirrennarar hans hafa gert.

d.

Ingimundur Guðnason gerði fyrirspurn um mat á fjarvistum nemenda og óskaði eftir að skýrsla þess efnis kæmi fram í fundargerð. Ingólfur svaraði. Vísaði hann til reglna þar að lútandi í inngangi Námsvísis fjölbrautaskóla og lýsti starfsreglum skólastjórnar varðandi mat á læknisvottorðum. Fundargerð þessari fylgir stuttorð greinargerð um mál þetta.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var fundi því slitið.

Greinargerð um fjarvistaskráningu.

Skólasóknarreglur og reglur um mat á veikindavottorðum, sem í gildi eru í áfangakerfissskólum eru í lok þessarar greinargerðar.

Þessar reglur byggjast fyrst og fremst á því, að nemendur eigi að sækja allar kennslustundir stundvíslega. Jafnframt er þeim falið sjálfum að meta og ákveða hvort þeir mæti í skólann, ef upp koma persónuleg mál eins og t.d. erindi til læknis, jarðarför, keppnisferðalag vegna íþrótta o.s.frv. Áður tíðkaðist það, að nemendur leituðu til einhvers kennara sinna og fengu leyfi. Kennarar eru margir við stóra skóla, t.d. 49 á vorönn 1984 við FS, og afgreiðsla þeirra á leyfisbeiðnum yrði því mjög misjöfn. Ætlaðar eru 25 stundir á önn til að nýta til slíkra persónulegra þarfa, sem alltaf geta komið upp. Nemandinn fær þó eitt stig fyrir góða mætingi, ef hann fer ekki fram úr þessum 25 tímum.

Þegar nemandi veikist í 1 til 2 daga þarf hann ekki að koma með vottorð frá lækni, en tillit er tekið til lengri veikinda sbr. reglur um mat á veikinda-vottorðum. 25 tíma kvótinn er einnig ætlaður til að mæta slíkum styttri fjarvistum vegna veikinda. Nokkuð er um það, að nemendur taki 25 stunda kvótann sem fjarvista- eða skrópkvóta og lendi í því að verða að vera fjarverandi vegna t.d. ferðar til tannlæknis eða stuttra veikinda. Þeir eiga þá ekkert upp á að hlaupa og detta í einkunn úr A í B (úr ágætt í gott).


Þetta hefði ekki gerst ef þeir hefðu sýnt frábæra ástundun allan tímann.

Í einstökum tilfellum, t.d. meðgöngu hjá stúlkum, veikindi eftir slysfarir o.s.frv. fá nemendur frjálssa mætingu, þ.e. hvorki verðlaunaeiningu (A) eða refsieiningu (C eða D) í skólasókn.

Nemendur geta að lokum sótt um breytingar á fjarvistaskráningu til skólaráðs, sem í eru tveir fulltrúar frá nemendum, tveir frá kennurum og aðstoðarskóla-meistari. Þessum umsóknum verður að fylgja góður rökstuðningur, sem tillit er tekið til við afgreiðslu slíkra mála.

Meginmarkmið þessa skráningakerfis er að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari í sambandi við skólasókn og ástundun í skólanum og stuðla að því að allir nemendur standi jafnir gagnvart þessum reglum.

Fjarvistakerfið hefur alltaf verið til umræðu bæði meðal kennara og nemenda og sífellt er unnið að því að endurbæta það, en svona er það í dag.


Ingólfur Halldórsson